

Minnisblað

Dagsetning: 10. nóvember 2020
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2020. Verkefni 1 - Náttúruvættið Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni.

Náttúruvættið Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni er austan Jökulsár á Fjöllum. Með friðlýsingu svæðisins er verið að vernda fossa Jökulsár á Fjöllum og næsta nágrenni þeirra. Helstu verðmæti svæðisins eru fossar, árgljúfur, ummerki hamfarahlaupa, gjallgígar og eldhraun frá nútíma. Við Hafragilsfoss skera gljúfrin gígaröðina Randarhóla og má af vesturbarmi gljúfranna sjá þverskurð af eldsprungu gígsins Sjónnípu sem stendur á austurbarmi gljúfranna. Svæðið er á mörkum hálendisins og er gróður af þeim sökum viðkvæmur. Mikil grýtni er í yfirborði gróins lands.

Aðgengi að svæðinu er um Hólsfjallaveg sem er aðeins opinn yfir sumarmánuðina. Mikill fjöldi gesta heimsækir svæðið á þeim tíma. Flestir koma að Dettifossi en þaðan er einnig hægt að ganga að Selfossi. Árið 2019 var talið að rúmlega 130 þús gestir hefðu komið að Dettifossi austanverðum¹. Á gljúfurbarmi fyrir ofan Hafragilsfoss er einnig bílastæði og gönguleið þaðan að gígnum Sjónnípu.

Dagleg umsjón svæðisins er í höndum Vatnajökulspjóðgarðs samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun². Svæðið er í einkaeigu.

Framkvæmd 2020

Vettvangsvinna fór fram 11. – 12. ágúst og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni og Sigprúði Stelli Jóhannsdóttur. Þar var:

- Rannsóknasvæði við Dettifoss – Selfoss og Hafragilsfoss myndað með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli.
- Göngustígur frá bílastæði við Hafragilsfoss að Sjónnípu hnitaður með GPS.
- Göngustígur frá Dettifoss að Selfossi hnitaður með GPS.
- Minni álagssvæði gróðurs meðfram göngustígum frá Selfossi og norður fyrir Dettifoss afmörkuð, hnituð með GPS og ástand gróðurþekju metið skv. aðferð 1a. Stærra álagssvæði í kringum Dettifoss verður metið út frá myndum úr flygildi.
- Álagssvæði gróðurs milli göngustígs að Sjónnípu og gljúfurbarms við Hafragilsfoss afmarkað, hnitað með GPS og ástand gróðurþekju metið skv. aðferð 1a.
- Skemmdir á göngustíg frá Selfossi og að stóru álagssvæði við Dettifoss kortlagðar skv. aðferð 2b-2.
- Skemmdir á göngustíg frá bílastæði að Sjónnípu kortlagðar skv. aðferð 2b-2.

¹ Guðmundur Ögmundsson 2020. Ársýfirlit Jökulsárgljúfra 2019. Sótt 27. október 2020 af <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Utgefid-efni/Nordursvaedi/jokulsargljufur-2019-arsyfirlit.pdf>

² Umhverfisstofnun ártal vantar. Sótt 15. október 2020 af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/dettifoss-og-fossarod/>



- Afmarkaðir hentistígar gengnir, hnitaðir og breidd stíga og ástand gróðurþekju metin skv. aðferð 2c. Á hluta svæðisins við Dettifoss runnu hentistígar inn í stórt álagssvæði eða voru í svo grýttu landi að ekki var hægt að fylgja þeim.
- Skemmdir á jarðminjum við göngustíga að Sjónnípu skráðar og hnitaðar.
- Ljósmyndir teknar, hnitsettar og skráðar. Hluti þeirra nýtist við áframhaldandi myndvöktun.
- Gróðurþekja metin í nokkrum gróðurrömmum (50x50 cm) sem lagðir voru yfir gróður á mismunandi álagssvæðum við Dettifoss. Ekki var um föst gróðursnið að ræða.

Ekki var skoðað álag á og umhverfis merktan göngustíg sem liggur frá bílastæði við Hafragilsfoss að bílastæði við Dettifoss enda ekki gert ráð fyrir því í verkefninu.

Vettvangsvinna tók lengri tíma en áætlað hafði verið, bæði vegna byrjunarörðugleika hjá athugendum, sem voru í fyrsta skipti að prófa nokkrar aðferðir og mikils álags á svæðinu sem olli því að skoða þurfti marga þætti í því sambandi.

Vettvangsmælingar á álagssvæðum og hentistígum auk kortlagningar skemmda á tveimur stígum verða bornar saman við myndir úr flygildi en mjög góðar og lýsandi myndir náðust með því. T.d. sáust hentistígar betur af loftmyndum en við vettvangsmælingar. Vonast er til að í framhaldinu verði hægt að styðjast að miklu leyti við myndgögn úr flygildi til að vakta áhrif ferðamanna á gróður- og jarðvegseyðingu á svæðinu. Jarðminjar við Hafragilsfoss verða áfram vaktaðar með endurtekinni ljósmyndun.

Frumgögnum; eyðublöðum, GPS skrám og myndgögnum hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar en það á eftir bæta skráningu við einstakar myndir. Eftir er að vinna úr myndkortum og landlíkönum. Áfram verður unnið í verkefninu í vetur.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Við Dettifoss og Selfoss er sýnilegt álag af völdum gesta fyrst og fremst á gróður og jarðveg en við áfangastað ofan við Hafragilsfoss er álag á gróður, jarðveg og jarðminjar.

Merkt gönguleið liggur frá bílastæði við Dettifoss og niður að fossinum. Þegar komið er niður á sléttlendið greinist hún í tvennt, annars vegar liggur hún að hlöðnum útsýnispalli með útsýni yfir fossinn og hinsvegar áfram suður að Dettifossi og Selfossi. Útsýnispallur er girtur af að hluta en mikið álag er á gróðri og jarðvegi í kringum hann og kaðlagirðingar ekki virtar. Sunnan göngustígs að útsýnispalli og sunnan útsýnispalls er eitt stórt álagssvæði þar sem gróður- og jarðvegseyðing á sér stað. Þar eru gönguleiðir að Dettifossi illa afmarkaðar og ganga gestir því út um allt á stóru svæði. Landið er mjög grýtt sem gerir afmörkun göngustíga án uppbyggingar erfiða. Suður frá Dettifossi liggur merktur göngustígur að Selfossi. Þar er álag mjög mikið og víða gróður- og jarðvegsskemmdir á og meðfram göngustíg. Nokkuð er um hentistíga á svæðinu. Norðan göngustígs að útsýnispalli er gamalt álagssvæði sem var girt af þegar útsýnispallur var gerður skömmu fyrir 2000. Þar hefur gróðurþekja jafnað sig að einhverju leyti en enn má sjá merki um álag í gömlum hentistígum. Álagssvæði er við bílastæðið.

Akvegur að bílastæði við Hafragilsfoss liggur þvert í gegnum gjallgíg og er þar bæði djúpur og breiður. Bílastæðið er á gjall- og kleprakápu. Frá bílastæðinu liggur ómerktur göngustígur að gígnum Sjónnípu. Svæðið frá bílastæðinu að Sjónnípu, milli göngustígsins og gljúfranna, er eitt stórt álagssvæði. Mikið traðk er á svæðinu með tilheyrandi skemmdum á jarðminjum, gróður- og jarðvegseyðingu. Hentistígar liggja einnig um svæðið. Litlar sem engar merkingar eða leiðbeiningar eru á svæðinu við Hafragilsfoss og lítið sem bendir til þess að svæðið sé í umsjón einhvers.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Lagt er til að fylgst verði með álagi á gróður og jarðveg á skilgreindum og afmörkuðum álagssvæðum við Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss. Það er hægt að gera með myndatöku en einnig væri áhugavert að setja út föst gróðursnið og vakta gróðurþekju á skilgreindum álagssvæðum við Dettifoss. Einnig er lagt til að fylgst verði með álagi á jarðminjar við Hafragilsfoss. Afmörkun rannsóknasvæða og val á vísum til framtíðar þarf að ákveðast með umsjónaraðila svæðis og taka mið af mögulegum aðgerðum til að draga úr álagi á svæðið, s.s. með bættu skipulagi, innviðum, merkingum, leiðbeiningum og fræðslu.

Vísar:

- Flatarmál gróðurs- og jarðvegseyðingar á skilgreindu og afmörkuðu svæði.
- Gróðurþekja, þekja tegundahópa, gróðurhæð og fjöldi tegunda á skilgreindum álagssvæðum (mism. ástand) við Dettifoss skv. aðferð 1b.
- Lengd, breidd og ástandsflokkun hentistíga á skilgreindu og afmörkuðu svæði.
- Umfang skemmda á hluta gönguleiðar að Selfossi.
- Fjöldi og umfang skemmda á jarðminjum við Hafragilsfoss.

Aðferðir:

- Ljósmyndun með flygildi eftir fyrirfram ákveðnum ferli.
- Föst gróðursnið innan sem utan skilgreinds álagssvæðis við Dettifoss. Aðferð 1b.
- Kortlagning skemmda á hluta gönguleiðar að Selfossi skv. aðferð 2b-2.
- Endurtekin ljósmyndun.

Vinnuframlag og ferðakostnaður

Tímabil	Vinnutímar			
	Gagnasöfnun	Umsjón og úrvinnsla	Fæðispeningar/kr	Akstur/kr
1.júní – 10. nóvember 2020	50	36	24800	29748
Alls	50	36	24800	29748